

Örugg lyfjanotkun - fyrir skjólstæðing

Þegar einstaklingur byrjar á nýju lyfi er lykilatriði að huga að öryggi og árangri meðferðar. Gott er að ræða við lækni eða annað heilbrigðisstarfsfólk áður en meðferð hefst til að tryggja að réttar upplýsingar liggi fyrir.

Mikilvægt er að fá upplýsingar um:

- hvað lyfið heitir
- við hverju það er ætlað
- hvaða aukaverkanir eða áhætta geti fylgt meðferð

Hvernig á að taka lyfið

Áður en lyfjameðferð hefst þarf að liggja fyrir:

- hvernig lyfið skuli tekið (hvenær dags, hversu oft, í hvaða skammti)
- hvort skammtar megji breyta eftir þörfum
- hversu lengi meðferðin eigi að standa
- hvort reglulegt eftirlit sé nauðsynlegt

Þegar nýju lyfi er bætt við þarf að meta hvort það geti haft áhrif á önnur lyf sem þegar eru í notkun, þ.e. hvort hætta sé á *milliverkunum*. Slíkt mat er á ábyrgð lækni eða lyfjafræðings.

Reglulegt endurmat - lyfjarýni

Lyfjameðferð á að endurmeta reglulega. Á það séstaklega við um hjá einstaklingum sem eru á *fjöllýfjameðferð*. **Lyfjarýni** er samtal við lækni eða lyfjafræðing þar sem farið er yfir öll lyf sem einstaklingur tekur til að tryggja að meðferðin sé örugg, árangursrík og viðeigandi. Lyfjarýni gefur einnig tækifæri til að ræða lyfin og koma á framfæri spurningum eða áhyggjum.

Læknir getur í kjölfar lyfjarýnis lagt til breytingar á meðferð ef þörf er á. Breytingarnar geta falið í sér ný lyf, breytingu á lyfjaformi, skammti, tímasetningu inntöku eða að hætta inntöku ákveðins lyfs. Allar breytingar eru gerðar í samráði við viðkomandi og útskýrt hvað þær fela í sér og af hverju þær gætu verið gagnlegar.

Við lyfjarýni er sérstaklega horft til eftirfarandi þátta:

- Hvað skiptir viðkomandi mestu máli er varðar lyfjameðferðina?
- Skilar meðferðin þeim árangri sem stefnt er að?
- Er lyfjameðferðin nauðsynleg eða kæmu aðrar meðferðir, s.s. lífsstílsbreytingar að sama gagni?
- Heldur lyfið einkennum sjúkdómsins niðri?
- Er einhver hætta á aukaverkunum?

Til að tryggja heildstæða lyfjarýni er grundvallaratriði að taka með sér öll lyf í viðtalið – einnig þau sem ekki eru lyfseðilsskyld sem og náttúruvörur og vítamín.